

Sú breyting hefur verið gerð á vörumerki nr. 177/1977 — Atlas Super Samloka, að orðið „Atlas“ hefur verið fellt niður úr vöruheitinu og verður það því framvegis: „Super-samloka“.

Samkvæmt ákvörðun eiganda vörumerkis nr. 140/1977 hefur svofelld breyting orðið á vörulista merkisins: 1. og 3. flokkur vörulistans falla niður. Vörumerkið gildir fyrir lyf í 5. flokki til notkunar í leggöngum og öðrum stöðum líkamans.

Eftirfarandi breytingar hafa orðið á vörulista vörumerkis nr. 93/1977: 29. flokkur. Kraftsúpur, hlaup, deig, niðursuðuvörur, tilbúnir réttir og fryst eða þurrkuð matvæli, svo og hert matvæli úr grænmeti, ávöxtum, kjöti, alifuglum, fisk og næringarefnum úr sjó; sultutau, egg; mjólk, ost og önnur matvæli úr mjólk, mjólkurlíki, matarolíur og feiti; mayonnaise sósa; eggjahvítuefni í matvæli. 30. flokkur. Kaffi og kaffibætir, gervikaffi og gervikaffibætir; te og tebætir; kókó og kókóblöndur, súkkulaði, sætindi, sælgæti; sykur; kökubúðarvörur, sætabrauð, eftirrétir, búðingar; -ís, efni í ís; hunang og gervihunang; matvæli með hrísgrjón sem undirstöðu, hveiti eða kornmeti, einnig í formi tilbúinna rétta; sósur; ilmbætir eða kryddvörur í matvæli.

32. flokkur. Öl; ölkelduvatn og aðrir óáfengir drykkir, saft, bragðefni til framleiðslu óáfengra drykkja.

Eftirfarandi breytingar hafa orðið á vörulista vörumerkis nr. 402/1976: 1. flokkur. Efnavörur notaðar í matvælaíðnaði, efni til að verja matvæli. 5. flokkur. Sjúkrafæði og drykkir. 29. flokkur. Kraftsúpur, hlaup, deig, niðursuðuvörur, tilbúnir réttir og fryst eða þurrkuð matvæli, svo og hert matvæli úr grænmeti, ávöxtum, kjöti, alifuglum, fisk og næringarefnum úr sjó; eggjahvítuefni í matvæli; sultutau, egg; mjólk, ost og önnur matvæli úr mjólk, mjólkurlíki, matarolíur og feiti; mayonnaise sósa. 30. flokkur. Kaffi og kaffibætir, gervikaffi og gervikaffibætir; te og tebætir; kókó og kókóblöndur, súkkulaði, sætindi, sælgæti; sykur; kökubúðarvörur, sætabrauð; eftirrétir, búðingar, ís, efni í ís; hunang og gervihunang, matvæli með hrísgrjón sem undirstöðu, hveiti eða kornmeti, einnig í formi tilbúinna rétta; sósur; ilmbætir eða kryddvörur í matvæli. 31. flokkur. Landbúnaðar- og garðræktarframleiðsla; fóðurvörur handa dýrum; eggjahvítuefni í dýrafæði; malt.

Eftirfarandi breytingar hafa orðið á vörulista vörumerkis nr. 322/1976: 29. flokkur Kraftsúpur, hlaup, deig, niðursuðuvörur, tilbúnir réttir og fryst eða þurrkuð matvæli, svo og hert matvæli úr grænmeti, ávöxtum, kjöti, alifuglum, fisk og næringarefnum úr sjó, sultutau, egg; mjólk, ost og önnur matvæli úr mjólk, mjólkurlíki, matarolíur og feiti; mayonnaise sósa, eggjahvítuefni í matvæli. 30. flokkur. Kaffi og kaffibætir, gervikaffi og gervikaffibætir; te og tebætir; kókó og kókóblöndur, súkkulaði, sætindi, sælgæti, sykur; kökubúðarvörur, sætabrauð; eftirrétir, búðingar; ís, efni í ís; hunang og gervihunang; matvæli með hrísgrjón sem undirstöðu, hveiti eða kornmeti, einnig í formi tilbúinna rétta; sósur; ilmbætir eða kryddvörur í matvæli. 32. flokkur. Öl, ölkelduvatn og aðrir óáfengir drykkir, saft, bragðefni til framleiðslu óáfengra drykkja.

Nr. 481.

## EINKALEYFI

veitt 1977.

Hinn 27. janúar 1977 var Texaco Exploration Canada Ltd., Calgary, Alberta, Kanada veitt einkaleyfi hér á landi á aðferð til mælingar á hitageislun í frosnum jarðvegi.

Einkaleyfið er nr. 955.

Hinn 28. janúar 1977 var Chevron Research Company, San Francisco, California, veitt einkaleyfi hér á landi á kerfi til að stjórna vökvabúnaði.

Einkaleyfið er nr. 956.

Hinn 31. janúar 1977 var Chevron Research Company, San Francisco, California, veitt einkaleyfi hér á landi á tæki og aðferð til að minnka álag á lyftifætur borskipa.

Einkaleyfið er nr. 957.

Hinn 1. febrúar 1977 var Chevron Research Company, San Francisco, California, veitt einkaleyfi hér á landi á pöllum til nota við strendur ishafa.

Einkaleyfið er nr. 958.

Hinn 1. febrúar 1977 var Chevron Research Company, San Francisco, California, veitt einkaleyfi hér á landi á pöllum til nota við strendur ishafa, ásamt aðferð og tækjum til að draga úr álagi af völdum iss.

Einkaleyfið er nr. 959.

Hinn 5. maí 1977 var Texaco Development Corporation, 135 East 42nd Street, New York, N.Y. 10017, U.S.A. veitt einkaleyfi hér á landi á legufærum skips utan strandar.

Einkaleyfið er nr. 960.

Hinn 6. maí 1977 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Genier Strasse 249, 2400 Lübeck, Þýskalandi veitt einkaleyfi hér á landi á útbúnaði til að skera burt klumbubein á fiski, þar sem kviðurinn hefur verið opnaður.

Einkaleyfið er nr. 961.

Hinn 6. maí 1977 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Genier Strasse 249, 2400 Lübeck, Þýskalandi veitt einkaleyfi hér á landi á aðferð og tæki til þess að hausa slægðan fisk með kúlulaga skurði.

Einkaleyfið er nr. 962.

Hinn 6. maí 1977 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Genier Strasse 249, Lübeck, Þýskalandi veitt einkaleyfi hér á landi á tæki til að skera hold frá rifbeinum og hryggsúlugeislum í fiski.

Einkaleyfið er nr. 963.

Hinn 6. maí 1977 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Genier Strasse 249, 2400 Lübeck, Þýskalandi veitt einkaleyfi hér á landi á aðferð til þess að flaka fisk.

Einkaleyfið er nr. 964.

Hinn 6. maí 1977 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Genier Strasse 249, 2400 Lübeck, Þýskalandi veitt einkaleyfi hér á landi á áhaldi til að rétta upp sporðstykki á fiskum.

Einkaleyfið er nr. 965.

Hinn 6. maí 1977 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Genier Strasse 249, 2400 Lübeck, Þýskalandi veitt einkaleyfi hér á landi á tæki til að skera frá flak af flatfiski.

Einkaleyfið er nr. 966.

Hinn 6. maí 1977 var Nordischer Maschinenbau Rud. Baader, Genier Strasse 249, 2400 Lübeck, Þýskalandi veitt einkaleyfi hér á landi á tæki til að hausa flatfisk.

Einkaleyfið er nr. 967.

Hinn 6. maí 1977 var Resources Conservation Company, U.S.A. veitt einkaleyfi hér á landi á aðferð til að fjarlægja vatn úr blöndu sem inniheldur föst efni og vatn.

Einkaleyfið er nr. 968.

Hinn 6. maí 1977 var Paul Ström, 5302 Strusshamn, Noregi og Erling Allers, Solåsen 43, Nesttun, Noregi veitt einkaleyfi hér á landi á áhaldi til að nota við herpinót og til að herpa nótina.

Einkaleyfið er nr. 969.

Hinn 6. maí 1977 var Magma Energy, Inc., 2770 McConnell Drive, Los Angeles, Californiu, U.S.A. veitt einkaleyfi hér á landi á jarðhitaorkukerfi.

Einkaleyfið er nr. 970.

Hinn 15. júní 1977 var Nordischer Maschinenbau, Rud. Baader, 2400 Lübeck, Þýskalandi, veitt einkaleyfi hér á landi á fiskflökunarvél.

Einkaleyfið er nr. 971.

Hinn 3. ágúst 1977 var Société anonyme dite: E. P. M. INTERNATIONAL 61, rue du Président Wilson, LEVALLOISPERRET, Frakklandi, veitt einkaleyfi hér á landi á hitaplötu samsettri úr lögum og borðum búnum slíkum plötum.

Einkaleyfið er nr. 972.

Hinn 5. ágúst 1977 var DIAMOND SHAMROCK CORPORATION, 1100 Superior Avenue, Cleveland, Ohio, Bandaríkjunum, veitt einkaleyfi hér á landi á rafskauti úr Mn. O<sub>2</sub>.

Einkaleyfið er nr. 973.

Hinn 19. september 1977 var Hakodate Seimo Sengu Co. Ltd., Hokkaido, Japan, veitt einkaleyfi hér á landi á lagneti.

Einkaleyfið er nr. 974.

Hinn 15. desember 1977 var Igor Anatolievich Levin, USSR, Moscow, Petrozavodskaya ulitsa, 15 korpusl kv. 113, Konstantin Ivanovich Skobelev, USSR, Rostov-na-Donu Teatralny pereulok, 40, kv. 50, Lev Iosiforvich Levkovich, USSR, Rostov-na-Donu ulitsa Tekucheva, 143, kv. 48 og Boris Andreevich Pavljuk, USSR, Rostov-na-Donu ulitsa Vorovskogo, 46, kv. 37 veitt einkaleyfi nr. 975 á afisingarbúnaði.

Hinn 15. desember 1977 var Elektroschmelzwerk Kempten G.m.b.H., 8 München 2, Herzog-Wilhelm-Strasse 16, Sambandslýðveldi Þýskalands veitt einkaleyfi nr. 976 á endurbótum á og varðandi rafknúna viðnámsofna.

Hinn 15. desember 1977 var DIAMOND SHAMROCK CORPORATION, 1100 Superior Avenue, Cleveland Ohio, U.S.A. veitt einkaleyfi nr. 977 á rafskauti úr blýtvíoxýd.

Hinn 15. desember 1977 var TEXACO DEVELOPMENT CORPORATION, 135 East 42nd Street, New York, N.Y. 10017, Bandaríkjunum veitt einkaleyfi nr. 978 á aðferðum til að hagnýta orku úr jarðhitasvæði.

Hinn 15. desember 1977 var Elektroschmelzwerk Kempten G.m.b.H., 8 München 2, Herzog-Wilhelm-Strasse 16, Sambandslýðveldi Þýskalands veitt einkaleyfi nr. 979 á endurbótum á og varðandi rafknúna viðnámsofna.

Hinn 15. desember 1977 var Elektroschmelzwerk Kempten G.m.b.H., 8 München 2, Herzog-Wilhelm-Strasse 16, Sambandslýðveldi Þýskalands veitt einkaleyfi nr. 980 á endurbótum á og varðandi rafknúna viðnámsofna.

Hinn 16. desember 1977 var NOVO TERAPEUTISK LABORATORIUM A/S, 115, Fuglebakkevej, 2200 Kaupmannahöfn N, Danmörku veitt einkaleyfi nr. 981 á inn-sprautanlegu insulini til lækningameðferðar og aðferð til að búa það til.

Nr. 482.

## HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Forseti Íslands sæmdi eftirtalda menn heiðursmerki Hinnar íslensku fálkaorðu árið 1977.

### I. ÍSLENDINGAR

#### 1. janúar:

Dr. Oddur Guðjónsson, sendiherra, stórriddarakross með stjörnu.

Einar Steindórsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins hf. í Hnífsdal, riddarakross.

Guðjón Jónsson, flugstjóri, riddarakross.

Halldór Pétursson, listmálari, riddarakross.

Hálf dán Björnsson, bóndi, Kvískerjum, Hofshreppi, riddarakross.

Magdalena Sigurþórsdóttir, kennari, riddarakross.